

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkur

Vinnureglur

Mannréttindaráð ákvað á fyrsta fundi sínum þann 10. janúar 2008 að tilnefna 16. maí sem mannréttindadag Reykjavíkur, en á þeim degi árið 2006 var mannréttindastefna borgarinnar samþykkt samhljóða í borgarstjórn. Enn fremur að á árlegum mannréttindadegi verði mannréttindaverðlaunum Reykjavíkur úthlutað.

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkur eru veitt til einstaklinga, hópa, félagasamtaka eða stofnana sem á eftirtektarverðan hátt hafa staðið vörð um mannréttindi.

1. Markmið mannréttindaverðlaunanna er að vekja athygli á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og mikilvægi samfélags þar sem mannréttindi eru virt.
2. Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð af mannréttinda- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar til eins árs í senn. Hana skipa þrjú einstaklingar sem hafa haft aðkomu að jafnréttis- og mannréttindamálum í sínum störfum. Dómnefnd skilar tillögum með rökstuðningi til mannréttinda- og lýðræðisráðs til samþykktar.
3. Auglýst er eftir tilnefningum til mannréttindaverðlauna Reykjavíkur einu sinni á ári í byrjun apríl. Frestur til að skila inn tilnefningum er sex vikur. Tilnefningar skulu berast á netfangið mannrettindi@reykjavik.is, ásamt rökstuðningi.
4. Við val á verðlaunahafa skal skoða hvernig verkefnið fellur að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig má tilnefna einstakling fyrir farsælt starf á sviði mannréttindamála.
5. Verðlaunahafi hlýtur verðlaunafé og er það greitt af Reykjavíkurborg og eru ein verðlaun veitt árlega á Mannréttindadegi Reykjavíkur 16. maí. Upphæð verðlaunanna er 600 þúsund krónur.

Samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs 28. mars 2019.